



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Breytingar á lögum um leikskóla, nr. 90/2008, lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, íþróttalögum, nr. 64/1998, æskulýðslögum, nr. 70/2007, lögum um lýðskóla, nr. 65/2019, lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019 og lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985 (öflun sakavottorðs). MMR20090154.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	20. janúar 2021

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Mennta- og menningarmálaráðuneyti barst tillaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um lagabreytingar á leik- og grunnskólalögum til öflunar sakavottorðs. Í tillögunni fólst að lögfest yrði heimild til að endurnýja vottorð, t.d. starfsmanna. Í dag er eingöngu heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu. Það þýðir að einstaklingur getur síðar brotið af sér en vinnuveitandi fær hugsanlega aldrei upplýsingar um það. Í ljósi þess er lagt til að þessum ákvæðum sé breytt svo þau nái betur tilgangi sínum og þeim aðilum sem standa að ráðningu veitt skýr lagaheimild til þess að óska eftir endurnýjun á sakavottorðum. Tillaga sambandsins náði aðeins til leik- og grunnskóla en að mati ráðuneytisins er tilefni til að skoða öll slík ákvæði heildstætt og því er lögð til breyting á fleiri lagabálkum.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að veita þeim sem standa að ráðningum heimild til að endurnýja sakavottorð á meðan ráðningarsambandi stendur með það fyrir augum að brjóti starfsmenn af sér eftir að ráðningarsamband hefst að þá komi slíkt upp á yfirborðið.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lögin í dag kveða á um að aðeins skuli sakavottorð liggja fyrir við ráðningu starfsmanna. Breytingin er til þess fallin að koma í veg fyrir að starfsmaður geti brotið af sér á meðan hann er í starfi án þess að vinnuveitandi verði var við það.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Samkvæmt framtíðarsýn og meginmarkmiði á málefnasviði 22 í fjármálaáætlun er meginmarkmið fyrir stjórnýslu mennta- og menningarmála að umhverfi og stuðningur stuðli að öflugum starfi á sviði mennta og vísinda, lista og menningar, fjölmiðlunar og íþrótt- og æskulýðsmála. Þá er stefnt að því að börn fái notið réttinda sinna, þar á meðal að upplifa sig örugg og fá að njóta bernsku sinnar og því eru frumvarpsdrögin í samræmi við markmið á málefnasviði 22 í fjármálaáætlun. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar segir að Ísland eigi að vera barnvænt samfélag og að framfylgja ber ákvæðum

Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, sem hefur verið lögfestur hér á landi. Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytis er frumvarp þetta liður í því.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Meginmarkmið frumvarpsins er að vernda börn og ungmenni með því að tryggja skýra lagaheimild um að heimilt sé að afla sakavottorðs eftir að ráðningarsamband hefst. Með því er komið í veg fyrir að það fari fram hjá vinnuveitanda ef starfsmaður brýtur af sér eftir að hann hefur störf.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Hætta á að það fari fram hjá vinnuveitanda ef starfsmaður brýtur af sér eftir að hann hefur störf.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Aðrar leiðir voru ekki taldar færar til að ná fram þeim markmiðum sem um ræðir. Ekki er heimilt að kalla eftir þeim upplýsingum sem um ræðir án skýrrar lagaheimildar.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Mennta- og menningarmálaráðuneyti álitur þá leið ákjósanlegasta að breyta þeim ákvæðum sem nú þegar eru til staðar um öflun sakavottorða.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Fyrirhugað er að breyta gildandi lagaákvæðum á þann veg að heimilt verður að endurnýja sakavottorð með reglubundnum hætti. Með lagabreytingunni er stefnt að því að stuðla að auknu öryggi barna og ungmenna með því að fá vinnuveitendum heimild til að kalla eftir upplýsingum eftir að ráðningarsamband hefst.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Breyting á þeim ákvæðum sem fjalla um sakavottorð.

Dæmi:

Málgreinin er: Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Málgreinin yrði: Starfsfólk leikskóla má ekki hafa hlotið refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Leikskólastjóra er heimilt að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti til að tryggja að starfsmenn leikskóla uppfylli skilyrði fyrir starfi.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Nei

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Á ekki við.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Sveitarfélög, ríkisstofnanir (framhaldsskólar), sjálfstætt starfandi skólar, kennarar, leiðbeinendur, íþróttafélög, æskulýðsfélög, lýðskólar, börn og forráðamenn

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei

3. Samráð sem þegar hefur farið fram:

Tillagan barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

4. Fyrirhugað samráð:

Áform um lagasetningu og frumvarp mun fara á samráðsgátt þar sem kallað verður eftir athugasemdum.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummati á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Fjárhagsáhrif fyrir ríkið eru óveruleg. Ríkið fær auknar tekjur vegna sakavottorða. Kostnaður við hvert sakavottorð er kr. 2.500 fellur á ríkisstofnanir, sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Nei

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Ekki er gert ráð fyrir að aðilar þurfi langan tíma til aðlögunar og ekkert því til fyrirstöðu að frumvarpið verði það að lögum taki gildi samstundis.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Að frumvarpið nái fram að ganga.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu:

Á ekki við.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Nei./Á ekki við

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað:

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum: